

Nd.

165. Nefndarálit

[44. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum í u. þ. b. tvo mánuði. Fundirnir hafa verið sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Með nefndunum hafa starfað Árne Kolbeinsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu og Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi.

Vorið 1978 voru samþykkt ný lög um tekjuskatt og eignarskatt. Lög þessi, sem birt voru sem lög nr. 40/1978, öðluðust gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu árið 1980 á tekjur ársins 1979 og eign í lok þess árs. Eldri tekjuskattslög (lög nr. 68/1971) voru jafnframt felld úr gildi og fór síðasta álagning samkvæmt ákvæðum þeirra fram nú í sumar.

Í nýju lögnum felast mjög róttækar breytingar á þeim skattlagningarreglum sem gilt hafa hingað til, og má þar t. d. nefna sérsköttun hjóna, aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni, vissan aðskilnað atvinnurekstrar og einstaklings þess er að honum stendur, hert viðurlög o. fl. Lögin fólu í sér róttækar breytingar og er frumvarpið árangur af því endurskoðunarstarfi sem boðað var við setningu þeirra.

Þegar nefndin fékk frumvarpið til meðferðar var nauðsynlegt vegna framtala fyrir árið 1980 að málið fengi skjóta meðhöndlun. Mikil óvissa ríkti með hvaða hætti framtöl skyldu gerð af einstaklingum og fyrirtækjum. Nefndinni þótti hins vegar nauðsynlegt að athuga málið ítarlegar og hafa samráð við ýmsa aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Var málið sent til umsagnar ýmissa aðila og bárust umsagnir og bréf frá eftirgreindum aðilum:

1. Sameiginlega frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi fiskvinnslustöðva og Verslunarráði Íslands.
2. Félagi löggiltra endurskoðenda.
3. Sambandi ísl. bankamanna.
4. Kauphöllinni c/o Aron Guðbrandsson.
5. Sambandi ísl. bankamanna.
6. Jafnréttisráði.
7. Stéttarsambandi bænda.

8. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
9. Sambandi ísl. samvinnufélaga.
10. Sölustofnun lagmetis.
11. Félagi ísl. iðnrekenda.
12. Félagi einstæðra foreldra.
13. Alþýðusambandi Íslands.
14. Stúdentaráði Háskóla Íslands.
15. Bandalagi háskólamanna.

Auk þess komu fulltrúar þeirra aðila, sem þess óskuðu, til fundar við nefndina og skýrðu sjónarmið sín.

Nefndin hefur tekið allar ábendingar til athugunar og rætt þær á fundum sínum.

Nefndinni er ljóst að ýmsar ábendingar, sem fram hafa komið, eru mikilvægar, en hefur reynt að takmarka breytingar við það sem hefur þótt óhjákvæmilegt og samstaða hefur náðst um. Í því sambandi þykir rétt að gera grein fyrir eftirfarandi aðalatriðum:

1. Meginatriði frumvarpsins er meðferð verðbreytingarhagnaðar eða taps vegna peningaeigna og skulda. Eins og fram kemur í frumvarpinu er ljóst að skattlagning verðbreytingarhagnaðar getur skapað greiðsluvandræði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að slíkur hagnaður færist til tekna án tillits til peningastreymis. Hins vegar er tekið tillit til peningastreymis með því að heimila afskrift á móti reiknuðum verðbreytingahagnaði sem nemur 25%. Eftir miklar umræður um þetta atriði þykir nefndinni rétt að leggja til að afskriftarhlutfall þetta verði hækkað í 45% af verðbreytingahagnaði. Nefndin leggur þetta til vegna þeirrar óvissu sem ríkir um áhrif þessa ákvæðis. Hér er um slíka grundvallarbreytingu að ræða, að rétt þykir að auðvelda aðlögun að nýjum aðstæðum.

Einnig er gert ráð fyrir að sérstök heimild verði til 100% fyrningar vegna skulda sem samsvara nýfjárfestingu sem ekki hefur verið tekin í notkun.

2. Yfirfæranlegt tap fyrri ára er ekki framreiknað til gildandi verðlags samkv. frumvarpinu. Með því skapast ósamræmi við meginstefnu frumvarpsins og er gerð tillaga um breytingu.
3. Heimilað er að draga bústofn bænda að hálfu frá skuldum áður en tekjufærsla er reiknuð. Með þessu er tekið tillit til þess að fóðurvörubirgðir eru ekki eignfærðar sérstaklega, heldur er bústofn metinn eins og hann er framgenginn að vori. Því hefur þótt eðlilegt að draga þann hluta bústofns sem svarar fóðurvörubirgðum um áramót frá skuldum áður en tekjufærsla er reiknuð.

Tillaga er gerð um að ógreiddar upphætur á eftirstöðvar afurðaverðs mjólkurbúa og sláturhúsa verði ekki taldar með við útreikning tekjufærslu, enda myndi þær ekki gjaldfærslu hjá bændum.

Einnig er gerð tillaga um að auðvelda bændum að yfirfæra söluhagnað af hújörðum yfir á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

4. Endurmat fasteigna er miðað við fasteignamat 1. janúar 1979 skv. lögnum. Tillaga er gerð um að heimilt verði að miða við fasteignamat 1. des. 1979.
5. Tillaga er gerð um að heimila hækkingu á gjaldfærslu vegna kaupa á minni háttar eignum.
6. Tillaga er gerð um rannsóknarmeðferð skattamála í samræmi við tillögu vinnuhóps sem vann að því máli.
7. Samkvæmt lögum nr. 40/1978 eru skattstigar o. fl. miðaðir við staðgreiðslukerfi skatta. Nauðsynlegt er að gera breytingar á þessum stigum, sem nefndin hefur ekki fjallað um.

Hins vegar þykir nefndinni rétt að hækka fjárhæðir sjómannafrádráttar, námsfrádráttar, giftingarfrádráttar, frádráttar vegna lífsábyrgðar og lágmarksfjárhæð vegna gjafa til menningarmála. Er þetta gert til að auðvelda framtalsgerð á næstunni.

8. Ýmsar aðrar breytingar eru gerðar sem flestar eru minni háttar, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Ýmis önnur atriði hafa verið rædd sem nefndinni þykir ástæða til að athuga frekar. Má þar nefna afskrift vörubirgða og meðferð þeirra í uppgjöri fyrirtækja.

Nefndin telur hins vegar ekki mögulegt að gera tillögu um breytingu á þessu stigi.

Samkvæmt ákvæðum laganna er gert ráð fyrir að fyrning mannvirkja sé almennt 2%. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð hærra fyrningarhlutfall einstakra flokka mannvirkja. Nefndin er þeirrar skoðunar að fyrning mannvirkja sem notuð eru til framleiðslustarfsemi, án tillits til gerðar mannvirkis, skuli vera að lágmarki 4%.

Nefndinni er ljóst, að verulega skortir á nákvæmar upplýsingar um áhrif hinnar nýju skattlagningarreglu á einstakar greinar atvinnurekstrar. Nefndin telur því nauðsynlegt að ákvæðin um heimild til frestunar skattlagningar á hluta af verðbreytingartekjum komi til nýrrar meðhöndlunar þegar nægilegar upplýsingar úr framtölum liggja fyrir.

Fullt samkomulag er ekki í nefndinni varðandi afskriftahlutfall af verðbreytingarhagnaði. Nefndin mun taka þetta atriði til nánari umfjöllunar að lokinni 2. umræðu.

Alþingi, 13. febr. 1980.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Albert Guðmundsson,
með fyrirvara.

Ingólfur Guðnason,
fundaskr.

Sverrir Hermannsson,
með fyrirvara.

Karvel Pálmason,
með fyrirvara.

Matthías Á. Mathiesen,
með fyrirvara.

Skúli Alexandersson,